

Skipulags og byggingaráð

Ráðhús Hafnarfjarðar

Strandgötu 6

220 Hafnarfjörður.

Hafnarfirði 2018 05 05

Efni: Krafa um stöðvun framkvæmda að Erluási 31, Hafnarfirði.

Við undirrituð eigendur fasteignarinnar að Erluás 29, 221 Hafnarfirði, förum hér með fram á að bæjaryfirvöld grípi tafarlaust til viðeigandi aðgerða vegna framkvæmda sem nú standa yfir viðbyggingu Erlusás 31.

Þá hefur skoðun okkar á innsendum teikningum til bæjaryfirvalda fyrir viðbyggingu á umræddri fasteign leitt í ljós að byggð hefur verið geymsla utan samþykktar byggingareits.


Undirrituð eru meðvituð um að sorpskýli þurfi ekki að vera innan byggingareits en hér er um að ræða uppstept lokað mannvirki áfast fyrhugaðri viðbyggingu sem getur því ekki talist sorpskýli heldur geymsla.

Ekki verður betur séð en að umrætt mannvirki hafi verið stækkað frá því að upphaflegar teikningar voru samþykktar fyrir Erluás 31 og ætti það eitt að hafa vakið eftirtekt byggingafulltrúa við afgreiðslu þessa máls (sorpgeymslan var líklega aldrei byggð samkvæmt upphaflegum teikningum). Umrætt mannvirki var kallað sorpgeymsla á upphaflegum teikningum en er í dag mun stærra mannvirki, lokað geymsla sem geymir meira en bara sorp.


Ótvírætt virðist að fasteignin Erluás 31 er, og verður ekki, í samræmi við samþykktar skipulagsáætlanir og teikningar.

Þess er vinsamlegast krafist að bæjaryfirvöld grípi tafarlaust til aðgerða vegna ofangreindra framkvæmda. Við undirrituð áskiljum okkur allan rétt til að leita réttar og setja fram frekari málsgrundvöll og kröfur vegna þessa máls.

Virðingarfyllt



Friðrik Friðriksson



Nanna Leifsdóttir